



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 16. desember 2016

1611020SA VÓHS
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald – viðbótarumsögn

Hinn 14. desember sl., barst Sambandi Íslenskra sveitarfélaga í tölvupósti frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, lokadrög að reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Í tölvupóstinum kom m.a. fram að um væri að ræða umhverfi sem væri í mikilli móttun og myndi framkvæmdin leiða síðar í ljós hvað kæmi til með að ganga vel og hvað mætti betur fara. Enn fremur sagði í tölvupóstinum að lokadrögin af reglugerðinni færu í birtingu á næstu dögum.

Það þarf vart að fjölyrða um mikilvægi þess að vandað sé til hvers kyns laga- og reglusetningar. Því getur sambandið ekki tekið undir röksemdir ráðuneytisins um að tíminn verði að leiða í ljós hvort að reglugerðin standist væntingar í núverandi umhverfi.

Gæði og fyrirsjáanleiki skiptir hér sköpum auk þess sem vönduð reglusetning í kjölfar samráðs við hagsmunaaðila getur einnig sparað ríkinu, atvinnulífínu og almenningi mikinn kostnað. Sú staðreynd að ráðuneytið hafi ekki séð tilefni til frekara samráðs við helstu hagsmunaaðila er miður og mun, að áliti sambandsins, óneitanlega koma síðar niður á framkvæmdinni.

Ráðuneytið tók hins vegar tillit til athugasemda sambandsins um ýmis ákvæði sem er afar jákvætt og snúa m.a. að ákvæði 12. gr., 26. gr. um grenndarkynningu á starfsemi sem hefur í för með sér óverulegar breytingar á deiliskipulagi og ákvæði 34. gr. um löggæslukostnað svo eitthvað sé nefnt.

Að öllu framangreindu virtu, telur sambandið þó rétt að undirstrika eftirfarandi þætti sem brýnt væri að sjá breytt í reglugerðinni í ljósi þess marks sem ferðamannaíðnaðurinn er að hafa á sveitarfélögin.

1. Minni gistiheimili

Ekkert er fjallað um þessa tegund gististaðar í lögum um gististaði, veitingastaði og skemmtanahald nr. 85/2007, sem breytt var með lögum nr. 67/2016. Tilgangur laganna var að skýra flokka gististaða en ekki koma fram með nýja flokka. Ljóst er að því fylgir ákveðinn vandi ef minni gistiheimili geta rekið starfsemi sína í skipulagðri íbúðarbyggð. Einnig er óljóst hvaða tilgangi þessi gistiflokkur þjóni þar sem reglugerðin gerir ráð fyrir að gistiflokkur I telji allt að 5 herbergi, eða svefnpláss fyrir 10 einstaklinga á meðan gistiflokkur II, sem er jafnframt rekstrar- og starfsleyfisskyldur telur 6 herbergi eða fleiri. Mörkin séu óskýr og muni óneitanlega skapa fleiri vandamál því ekki sé hægt að greina nægjanlega á milli.



2. Bílastæðamál

Ekki var tekið undir ábendingar sambandsins um nauðsyn þess að þeir aðilar sem bjóða upp á gístaðstöðu sýni jafnframt fram á næg bílastæði við gístað eða í nálægð við hann. Bílastæðamál eru stór þáttur í ferðaþjónustunni og eru þolmörk íbúa sveitarfélaga gagnvart ferðaþjónustu víðast hvar farin að hafa áhrif.

3. Ákvæði 1. mgr. 13. gr. um heimagistingu

Ekki verður séð með nægjanlega skýrum hætti að þær breytingar sem gerðar hafa verið á ákvæðinu séu til gagns. Þvert á móti sé flækjustigið aukið og ekki er nægjanlega tryggt að leigutaki geti ekki boðið út gistingu og auglýst án samþykkis þinglýsts eiganda.

4. Ákvæði 2. mgr. 26. gr. um umsagnir

Ekki var tekið undir athugasemdir sambandsins í þá veru að ákvæðið gæti skapað hættu á því að gefið yrði út leyfi fyrir starfsemi sem færi í bága við gildandi skipulagsáætlanir og mögulega í húsnæði sem uppfyllti ekki kröfur laga. Ef ákvæðið á að standa óbreytt er mjög mikilvægt að leyfisveitandi tryggji að hver leyfisveiting í aðdraganda umsóknar samkvæmt ákvæðinu sé nægilega undirbúið og rannsakað samkvæmt rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga.

Sambandið telur mjög brýnt að ráðuneytið taki tillit til framangreindra sjónarmiða. Þannig megi tryggja að meiri sátt skapist um löggjöfina en ella.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Vigdís Häsler
lögfræðingur